



SJÚKLINGURINN Í ÖNDVEGI ÁRSSKÝRSLA LANDSPÍTALA 2015



Ávarp forstjóra

Á stórum vinnustað sem sinnir jafn flóknu og viðamiklu verkefni og Landspítali gerir er aldrei loagnmolla. Árið 2015 var þar engin undantekning og er óhætt að segja að á árinu hafi skipst á skin og skúrur.

Mestallt árið unnum við í skugga kjaradeilna sem höfðu veruleg áhrif á starfsemi spítalans og mun taka tíma að vinda ofan af afleiðingum þeirra. Við fylgdumst líka með þrautagöngu samstarfskonu okkar sem mátti þola það að dómsmál var höfðað gegn henni og Landspítala vegna andláts skjólstæðings. Það var okkur öllum mikill léttir þegar sýknudómur fékkst. Þetta erfiða mál verður að vera okkur hvatning til að hrika hvergi frá þeirri öryggisvegferð sem spítalinn hefur verið á undanfarin misseri. Öryggi sjúklinga og velferð þeirra verður ekki tryggt nema með opinni öryggismenningu þar sem við óhrædd deilum upplýsingum um það sem betur má fara í starfsemi og okkar eigin verklagi.

» Í öllum verkefnum sem við mætum í störfum okkar á Landspítala verður sjúklingurinn að vera í öndvegi. Ef svarið er ekki sjúklingurinn, var spurningin einfaldlega röng.


Á degi hverjum sækja þúsundir þjónustu á Landspítala og þeim fjölgar stöðugt. Það er krefjandi verkefni að mæta þörfum þessa fólks við þær aðstæður sem við búum við, bæði hvað varðar vinnuaðstæður og vinnuálag. Raunar er það þannig að ekki verður við unað. Stöðugt þrengir að starfsemi hjá okkur á sama tíma og ákallinu um uppbyggingu þjónustu utan spítalans er ekki sinnt sem skyldi. Því hefur verið afar mikilvægt að sjá áætlanir um uppbyggingu Landspítala við Hringbraut verða

að veruleika, þrátt fyrir það að málinu sé ítrekað hleypt upp í óupplýstri umræðu. Einn jákvæðasti atburður ársins var einmitt undirritun útbóðs fyrir meðferðarkjarna við Hringbraut og upphaf framkvæmda við sjúklingahótel nú í nóvember síðastliðnum. Loks hefur þessu mikilvæga verkefni verið ytt úr vör og fjöldi starfsmanna hefur sótt vinnustofur og lagt sitt til hönnunarinnar og fyrir það er ég þakklátur. Að sama skapi hefur verið frábært að vinna með hundruðum starfsmanna að nýrri stefnu og starfsáætlun Landspítala sem nýlega var kynnt.

Fjölmarginir lögðu gott til Landspítala og skipta velunnarar spítalans þúsundum. Á árinu fengum við aðgerðarþjarka í hús, endurbætur voru gerðar á húsnæði kvennadeildar, Barnaspítalinn fékk fjölmargar gjafir, sjúkrarúm voru endurnýjuð og von er á jáeindaskanna. Hlyhugur landsmanna í garð þjóðarsjúkrahússins og vilji til að efla það á hverja lund verður ekki dreginn í efa. Hver dagur á Landspítala er kraftaverk. Þó ekki kraftaverk í yfirskilvitlegum skilningi heldur er það svo að á degi hverjum koma til vinnu þúsundir starfsmanna sem með sameinuðum kröftum breyta lífi sjúklinga okkar og aðstandenda þeirra. Það er þeirra vegna sem við erum hér, þeirra vegna sem við þróum starfsemina áfram. Markmiðið er alltaf það sama; velferð sjúklinga frá vöggu til grafar. Í öllum verkefnum sem við mætum í störfum okkar á Landspítala verður sjúklingurinn að vera í öndvegi. Ef svarið er ekki sjúklingurinn, var spurningin einfaldlega röng.


Páll Matthíasson forstjóri

STEFNA LANDSPÍTALA





Kyrrestaða rofin og uppbygging hafin við Hringbraut

„Framkvæmdir eru nú að fara á fullan skrið, kyrrestaðan hefur verið rofin“, sagði Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra á ársfundi Landspítala 29. apríl 2015. Fyrir þeim orðum var innstæða því á árinu 2015 voru tekin mikilvæg skref í heildaruppbyggingu Landspítala við Hringbraut.

Sameining bráðastarfseminnar er meiri háttar öryggismál fyrir alla landsmenn

Fjöldi starfsmanna Landspítala hefur unnið að útfærslu á væntanlegum nýbyggingum til að tryggja að þær verði sem bestar fyrir bæði sjúklinga og starfsfólk. Haldnar hafa verið nokkrar einnar viku vinnustofur þar sem unnið hefur verið að hönnun meðferðarkjarna og rannsóknarhúss með 3P (Production/Preparation/Process) Lean aðferðarfræðinni, undir stjórn Chris Backous frá Virginia Mason Institute í Seattle í Bandaríkjunum. Markmiðið er að gera alla verkferla örugga, skilvirka og hagkvæma.

- Nýr Landspítali ohf. bauð út byggingu sjúklingahótel milli kvendaíldarhúss, K-byggingar og Barónsstígs ásamt framkvæmdum við götur, veitu og lóð.
- Skrifað var undir samning Nýs Landspítala ohf. við byggingar-fyrirtækið LNS Saga ehf. um byggingu sjúklingahótel við Hringbraut. Fyrirtækið var lægstbjóðandi í verkið í útboði.
- Heilbrigðisráðherra tók fyrstu skóflustungu að sjúklingahótelinu 11. nóvember að viðstöddum fjölda gesta, þar á meðal sjö fyrrverandi heilbrigðisráðherrum.
- Samningur um fullnaðarhönnun meðferðarkjarna Landspítala við Hringbraut var undirritaður við Corpus hópinn 2. september. Bráðastarfsemi Landspítala verður sameinuð í nýju 58.500 m² húsi sem verður tekið í notkun árið 2023.
- Hafin var vinna við rýni forhönnunar á nýju rannsóknarhúsi við Hringbraut.

STARFSÁÆTLUN LANDSPÍTALA 2016

LYKILÁHERSLUR

ÖRYGGISMENNING

- Innleiðing stöðumat
- Stöðluð klínísk upplýsingagjöf og markviss yfirfærsla ábyrgðar
- Fyrirbyggja spítalasykingar



ÞJÓNUSTA

- Þróa og innleiða meðferðarferla
- Stytta bið eftir þjónustu



MANNAUÐUR

- Efla teymisvinnu og bæta samskipti
- Markvissar ráðningar og starfsþjálfun



STÖÐUGAR UMBÆTUR

- Auka gæði og minnka soun
- Efla vísindastarf



ÁRANGURSVÍSAR

Staðan
2015

Markmið
2016

ÖRYGGISMENNING

- | | | |
|---------------------------------------|------|------|
| • Hlutfall eininga með virkt stöðumat | 50% | 70% |
| • Fjöldi alvarlegra atvika | 13 | 0 |
| • Spítalasykingar | 7,6% | 6,5% |

ÞJÓNUSTA

- | | | |
|--|-----|-----|
| • Meðallegutími, dagar | 7,9 | 7,0 |
| • Gæði útskrifta skv. þjónustukönnun (á skala 1-10) | 6,9 | 8,0 |
| • Hlutfall sjúklinga á biðlista sem beðið hafa meira en 3 mánuði eftir meðferð | 67% | 50% |

MANNAUÐUR

- | | | |
|------------------------------|------|-----|
| • Starfsánægja (á skala 1-5) | 4,1 | 4,3 |
| • Veikindahlutfall | 6,4% | 6% |
| • Starfsmannavelta | 11% | 10% |

STÖÐUGAR UMBÆTUR

- | | | |
|--|-----|-----|
| • Hlutfall eininga með virkt umbótastarf | 60% | 70% |
|--|-----|-----|

SJÚKLINGURINN Í ÖNDVEGI

Byltingarkenndur gangráður

Á hverju ári eru um 300 gangráðar settir í hjartasjúklinga á spítalanum með skurðaðgerð. Landspítali var nýverið valinn eitt þeirra sjúkrahúsa þar sem nýr Medtronic hjartagangráður er tekinn í notkun. Gangráður er lítill tölvubúnaður með rafhlöðu sem tengist hjartanu með leiðslum og er í flestum tilfellum ætlað að hæggja á þúls. Nýi gangráðurinn er talsvert minni en þeir hefðbundnu, með sömu eiginleikum og rafhlöðu sem endist í 12 til 15 ár. Það sem telst byltingarkennt við nýja gangráðinn er að honum er komið fyrir beint í hjartanu sjálfu með þræðingu um bláæð í nára. Inngrip er því mun minna fyrir sjúklinginn en með hefðbundinni skurðaðgerð. Leiðslutengingin frá gangráði til hjarta er líka úr sögunni en hún hefur talist veikur hlekkur í þessum búnaði. Enn er aðeins hægt að setja nýja gangráðinn í neðri

hólf hjartans og því gagnast hann ekki öllum sjúklingum. Það er þó talið standa til bóta því innan fárra ára verði búið að þróa samskonar gangráð fyrir efri hjartahólf.



Rannsóknarsýnin í hraðvirkri flæðilínu

Rannsóknarkjarni við Hringbraut og í Fossvogi er stærsta klíniska rannsóknarstofa landsins. Árlegar rannsóknir í blóðmeina- og klínískri lífefnafræði eru um 1,5 milljónir. Það skiptir miklu í meðferð sjúklinga að niðurstöður rannsókna séu skjótvirkar og öruggar. Landspítali er kominn í fremstu röð í þessum rannsóknum eftir að tækjabúnaður var endurnýjaður. Komið hefur verið upp flæðilínu í endurbættu húsnæði við Hringbraut þar sem sýni eru undirbúin, flutt milli rannsóknartækja og gengið frá þeim að rannsókn lokinni. Með flæðilínunni voru afköst aukin, svartími stytur, smitgát eflað og hagkvæmni í rekstri aukin.

DAGUR Á LANDSPÍTALA



1.300
komur á dag-
og göngudeildir



660
sjúklingar
á legudeildum



6.300
rannsóknir á
rannsóknarsviði



8
börn fæðast



80
nýir sjúklingar leggjast
inn á legudeild



60
sjúklingar fara
í skurðaðgerð



9
nýir blóðgjafar

Aðgerðarþjarki til margs nytsamlegur

Aðgerðarþjarki hefur lengi verið notaður til margvíslegra skurðaðgerða á helstu sjúkrahúsum í nágrannalöndunum og nú einnig á Landspítala. Með notkun hans er inngrip minna en í hefðbundinni skurðaðgerð og því hægt að hlífa betur nærliggjandi líffærum og viðkvæmri starfsemi og stuðla þannig að skjótari bata. Aðgerðarþjarkinn er sérstaklega gagnlegur við þvágfæraskurðlækningar og aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna en er vel fallinn til margs annars svo sem aðgerða á nýrum, endaparmi og ristli auk valdra kransæðaaðgerða. Á fyrsta ári þjarkans voru aðgerðir á annað hundrað talsins. Innleiðing þessarar nýju tækni á spítalanum hefur gengið vel. Fjöldi samtaka, fyrirtækja og einstaklinga gerði spítalanum kleift að eignast aðgerðarþjarkann með því að leggja til fé í söfnun sem Íslandsbanki hélt utan um. Alls söfnuðust 137 milljónir króna en heildarkostnaðurinn var 285 milljónir.



Straumhvörf með beinþéttimæli

Um 40% íslenskra kvenna og 20% karla hafa við 75 ára aldur brotið bein sín vegna beinþynningar sem er mjög sterkur áhættuþáttur alvarlegra beinbrota í lærlegg, hryggsgúlu og viðar. Því er mikill ávinningur af því að greina beinþynningu og vinna gegn henni.

Miklar framfarir eru í mælingum á beinþéttni og nú hefur Landspítali fengið nýtt tæki til þeirra. Það notar röntgengeisla til að meta magn steinefna beins með tækni sem kallast DXA (Dual-energy X-ray Absorptiometry). Mjólkursamsalan gaf spítalanum tækið en fyrir því var safnað með sölu á D-vítamínþættri léttmjólk. Tækið veldur straumhvörfum með nýjum tegundum mælinga, til dæmis á mögulegum aukaverkunum lyfja og samanburði á nýjum og eldri gögnum. Geislaskammtur er minni en áður, rannsóknin fljótlegri og úrvinnsla gagna sjálfvirk sem flytífr fyrir að læknir sjúklingsins fái niðurstöðuna.



Átak til að útrýma lifrabólgu C

Fagfólk á Landspítala undirbjó þriggja ára átak til að útrýma lifrabólgu C á landinu, í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið, sóttvarnalækni, SÁÁ og fleiri. Einstaklingum sem eru smitaðir af lifrabólgu C og njóta sjúkratrygginga á Íslandi býðst lyfjameðferð sem talin er geta læknað sjúkdóminn í allt að 95 til 100% tilvika, auk fræðslu og eftirfylgni. Meðferðarátakið er samstarfsverkefni heilbrigðisfirvalda og lyfjafyrirtækisins Gilead sem leggur til lyfið Harvoni í faraldsfræðilegu rannsóknarskyni, án endurgjalds. Það er í töfluformi og gefið daglega meðan á meðferð stendur í 8 til 12 vikur, jafnvel allt upp í 24 vikur. Ríkisstjórnin ver 150 milljónum króna á ári til blóðrannsóknna og annarrar þjónustu sem tengist meðferðinni. Samhliða átakanu fara fram rannsóknir á árangri þess, meðal annars sjúkdómsbyrði og áhrifum á langtímakostnað við heilbrigðisþjónustu. Á Íslandi eru 800 til 1.000

manns smitaðir af lifrabólgu C. Árlega greinast 40 til 70 einstaklingar með sjúkdóminn sem er í mörgum tilvikum lífs-hættulegur. Sé sýkingin ekki meðhöndluð getur hún leitt til vaxandi örmyndunar í lifur, skorpu-lifrar, lifrarkrabbameins og lifrabílnar.



Kvennadeildarmóttaka bætt með upplifunarahönnun

Í dreifðri starfsemi Landspítala eru móttökur sem margar bera þess merki að húsnæðið sé komið til ára sinna. Eftir fremsta megni er reynt að hressa upp á þessar móttökur í þágu sjúklinga og gesta. Móttaka kvennadeildar hefur fengið slíka andlitslyftingu. Líf, styrktarfélag kvennadeildar lagði um 25 milljónir króna til endurbótanna en markmiðið var að bæta móttökuna, setja upp aðgerðarstofu fyrir minni aðgerðir og gera anddyrið fallegt þannig að það byði fólk velkomið í húsið. Hönnuðir unnu í anda upplifunarahönnunar að heildarútliti og merkingum.



25

bráðveikir sjúklingar koma á Hjartagátt



130

koma á göngudeildir og bráðamóttöku geðsviðs



25

sjúklingar koma á skilunardeild



550

meðferðir veittar af sjúkrahjálfurum og iðjubjálfum



7

sjúklingar í hjartaþræðingu



12

sjúklingar á gjörgæslu

Langþráður jáeindaskanni væntanlegur

Jáeindaskanni (PET/CT) er mikilvægt greiningartæki, meðal annars til greiningar á illkynja sjúkdómum svo sem lungnakrabbameini, eitlakraðbameini, leghálskrabbameini og krabbameini í koki. Hann er öflugt tól til að stiga krabbamein og getur gagnast við að finna uppruna krabbameins hjá sjúklingi sem hefur greinst með meinvarp. Greina má hvernig sumir illkynja sjúkdómar bregðast við meðferð og því hægt að sérsníða hana fyrir sjúklinginn.

Jáeindaskanni skilar nákvæmum upplýsingum um dreifingu og staðsetningu krabbameina sem getur fækkað óþarfa skurðaðgerðum og gert geislameðferð markvissari. Betri upplýsingar fást um útbreiðslu sjúkdóms hjá allt að þriðjung sjúklinga en með þeim aðferðum sem hafa verið í boði á Íslandi. Unnt verður að afmarka æxli betur en áður fyrir geislameðferð og veita af þeirri ástæðu markvissari meðferð. Lyfjameðferð margra krabbameina verður einnig markvissari.

Jáeindaskanni verður tekinn í notkun í byrjun árs 2017 á Landspítala. Íslensk erfðagreining leggur fram um 800 milljónir í tækjábúnað og sérsníðið húsnæði til þess að þjóðin eignist jáeindaskanna. Það kemur mörgum vel því fjöldi sjúklinga hefur á hverju ári þurft að fara til útlanda í þessa rannsókn með öllum þeim óþægindum og kostnaði sem slíku fylgir. Áætlað er að um 2.000 Íslendingar þurfi rannsóknina árlega.



Batamiðstöðin á Kleppi


Batamiðstöðin á Kleppi var stofnuð vorið 2015 af hópi starfsmanna þar. Unnið er eftir batahugmyndafræðinni sem stuðlar að aukinni von, stjórn og tækifærum fyrir notendur. Notendur koma sjálfir að ákvörðunum um meðferð og um leið er þeim gefið færi á að auka sjálfstæði sitt og tengjast út í lífið.

Árið 2015 barst tæplega 22 milljóna króna styrkur frá WOW Cyclothon hjólréiðakeppninni til uppbyggingar verkefnisins. Ráðinn var íþróttafraeðingur til að leiða það og nú eru í boði ýmis virknitengd úrræði með hreyfingu í forgrunni. Hreyfing hefur jákvæð áhrif á geðræn einkenni og því er talið mikilvægt að gera skjólstæðingum kleift að stunda virkni og hreyfingu sér til heilsuþótar. Rannsóknir benda til þess að stór hluti sjúklinga með geðræn veikindi hreyfi sig lítið, þeir neyti óhollari fæðu, reyki meira og lifi almennt ekki eins heilsusamlegu lífi og heilbrigðir einstaklingar. Slíkt leiði til aukins algengis lífsstílstengdra sjúkdóma og stórskertra lífsgæða.

Batamiðstöðin er fyrir innliggjandi skjólstæðing Klepps. Í hverjum mánuði eru komur í hana yfir 100 talsins. Stofnað hefur verið þverfaglegt teymi Batamiðstöðvar sem sér um að innleiða batamiðaða menningu á Klepp og hanna stundaskrá með virkni og úrræðum fyrir notendur. Vonir standa til þess að starfsemi Batamiðstöðvarinnar skili sér í meiri lífsgæðum fólksins og lægri kostnaði þess, t.d. lyfjakostnaði. Ábatinn verði um leið alls samfélagsins.




Komur á bráðamóttökur




Meðallegutími sjúklings (dagar)

Legur styttri en 6 mánuðir




Skurðaðgerðir

■ Skurðaðgerðir (án inndælingar lyfs í auga)
 - - Par af dagdeildaraðgerðir (án inndælinga lyfs í auga)



Fjöldi sjúklings í bið eftir vistun utan LSH

■ Fékk vistun á tímabilinu ■ Í bið í lok tímabils



40

börn koma á
áðamóttöku barna



3.700

starfsmenn í vinnu



3,5

tonn af úrgangi
falla til



4.300

heimili nota jafn
mikið rafmagn



2.300

símtöl á dag koma
inn á símaver




3.700

tölvur spítalans nota
yfir 100 klínísk tölvukerfi




Stöðugildi og starfsmannafjöldi

■ Fjöldi starfsmanna í upphafi árs ■ Meðalfjöldi dagvinnustöðugilda




Fjöldi nemenda á LSH

■ Framhaldsskólanemar ■ Háskólanemar, grunnnám
 ■ Háskólanemar, framhaldsnám



Rekstrarkostnaður


■ Rekstrarkostnaður án S merkra lyfja (millj.kr. á verðlagi ársins 2015)
 ■ Par af launakostnaður



Starfsánægja starfsmanna skv. könnun

Skalinn er 1- 5 (þar sem 5 er hæsta gildi)

■ „Þegar á heildina lítið er ég ánægð(ur) í starfi“ - - - Markmið 2015



Kjaradeilur



Kjaradeilur settu sterkan svip á starfsemi Landspítala á árinu 2015, eins og síðustu mánuði ársins áður. Í upphafi árs var samið í kjaradeilum Læknafélags Íslands og Skurðlæknafélags Íslands og ríkisins en þá höfðu verkfall félaganna staðið með hléum frá því í október. Samhliða samningum læknafélaganna var undirrituð yfirlýsing þriggja ráðherra og stéttarféлага lækna um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins og fjármögnun, starfsaðstöðu, nýjan Landspítala og fleira.

Verkfall Bandalags háskólamanna (BHM) hófst þann 7. apríl með ótímabundnum aðgerðum Félags geislafræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Félags lífeindafræðinga og Ljósmeðrafélags Íslands auk samstöðuverkfalls 9 annarra féлага bandalagsins þann 9. apríl. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga bættist við 27. maí þegar ótímabundið verkfall þess hófst. Samningar tókust ekki og 13. júní voru sett lög á aðgerðirnar þar sem sanningsaðilum var gert að semja fyrir 1. júlí, annars kæmi til

úrskurðar gerðardóms. Hjúkrunarfræðingar kusu að semja og gefa félagsmönnum kost á að greiða atkvæði um fyrirbyggjandi samningsdrög sem var síðan hafnað. Gerðardómur úrskurðaði svo 14. ágúst í kjaradeilu BHM og Fih.

Fjölmargir starfsmenn sögðu upp störfum í tengslum við þessar kjaradeilur, einkum hjúkrunarfræðingar, geislafræðingar og lífeindafræðingar. Flestir drógu uppsagnir sínar til baka en spítalinn þurfti þó að sjá á bak um 80 starfsmönnum. Verkfallsaðgerðir Sjúkrliðafélags Íslands og SFR hófust 15. október og lauk með samningi 28. sama mánaðar.

Kjaradeilurnar höfðu mjög mikil áhrif á starfsemi Landspítala í þjónustu við sjúklinga. Biðlistar lengdust því fresta þurfti hundruðum aðgerða og þúsundum dag- og göngudeildakoma og rannsókna. „Hörmungarár fyrir sjúklinga og starfsfólk Landspítala“ skrifaði Páll Matthíasson í forstjórastíli.

Lyflækningarám

Tímamót urðu í framhaldsmenntun í lyflækningum þegar lyflækningasvið tók upp fornlegt samstarf við konunglegu Bresku læknasamtökin Royal College of Physicians. Samstarfið felst í því að mennta unglækna í almennum lyflækningum eftir skipulagi sem Royal College hefur í Bretlandi. Eftir 3 ár geta unglæknarnir fengið MRCP gráðu í almennum lyflækningum. Þeim er boðið að þreyta próf til þess, skriflega hlutann á Íslandi. Með samstarfinu fæst aðgangur að námskrá Bresku samtakanna auk skráningarkerfis þeirra (e-portfolio).

Dómsmál



Landspítali og Ásta Kristín Andrésdóttir hjúkrunarfræðingur voru sýknuð í dómsmáli þar sem ákærðu voru sökuð um manndráp af gáleysi og Ásta Kristín að auki um brot á hjúkrunarlögum. Málið snerist um alvarlegt atvik í starfsemi spítalans sem leiddi til dauðsfalls. Samkvæmt ítarlegri greiningu spítalans var andlátíð afleiðing fjölda atburða sem röðuðust saman með alvarlegum afleiðingum, eins og jafnan er ef alvarlegt atvik verður í spítalastarfsemi.

Búsetuúrræði

Laugarásinn – meðferðargeðdeild, þar sem er sérhæft meðferð fyrir fólk á aldrinum 18-30 ára með byrjandi geðrofsjúkdóm, tók upp samstarf við velferðarsvið Reykjavíkurborgar um búsetuúrræði fyrir geðfatlaða. Um er að ræða samstarf Laugarássins og Austurbrúnar 6 sem er íbúðakjarni á vegum Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Velferðarsvið útvegar íbúðir og þjónustu frá íbúðakjarna en lyfjumsjón er á ábyrgð Laugarássins ásamt fræðslu, handleiðslu og ráðgjöf fyrir starfsmenn Austurbrúnar 6.

Nýsköpun



Brynja Ingadóttir hjúkrunarfræðingur, sérfræðingur í hjúkrun aðgerðasjúklinga, og Jón Snædal læknir fengu nýsköpunarstyrki Landspítala 2015, þrjár milljónir króna hvor. Brynja fékk styrkinn til þróunar á gagnvirkum tölvuleik til að kenna skurðsjúklingum við útskrift um verkjameðferð eftir aðgerð. Í leiknum lærir þátttakandinn hvað getur gerst þegar hann tekur mismunandi ákvarðanir um töku verkjalyfja og annarrar meðferðar við verkjum. Jón Snædal, yfirlæknir minnismóttöku, fékk styrk til rannsókna á mælingum á kólvirkni heilans með heilarita til að staðfesta að unnt sé að meta gagnsemi lyfjameðferðar hjá Alzheimer-sjúklingum fyrirfram, eins og vísbendingar eru um.

Gjafir

Starfsemi Landspítala nýtur þess að fólkið í landinu hugsar vel til hennar og styður hana með gjöfum sem miklu skipta. Jáeindaskanni frá Íslenskri erfðagreiningu, sjúkrarúm frá Arion banka, beinþéttnimælir frá Mjólkursamsöluinni, aðgerðarþjarki frá fyrir-tækjum, félögum og einstaklingum, yfir 100 milljónir króna og fjöldi annarra gjafa frá Hringnum í þágu barna, stuðningur við Batamiðstöð frá Wow Cyclothon söfnun og margar aðrar gjafir bæði stórar og smáar bærust spítalanum á árinu. Verðmæti gjafanna í krónum talið hefur aldrei verið meira en árið 2015, nemur hundruðum milljóna króna.

Skipuritið



Nýtt skipurit Landspítala tók gildi 1. desember 2015. Verkefni mannauðsdeilda færðust á nýtt mannauðs-svið í samræmi við aukna áherslu framkvæmdastjórnar á mannauðsmál. Verkefni aðstoðarforstjóra færðust til nýs framkvæmdastjóra þróunar sem ætlað er að leiða stefnumörkunarvinnu spítalans, áframskiptandi innleiðingu Lean straumlinustjórnunar og hafa yfirumsjón með aðkomu Landspítala að uppbyggingu við Hringbraut. Benedikt Olgeirsson var ráðinn framkvæmdastjóri þróunar og Ásta Bjarnadóttir framkvæmdastjóri mannauðssviðs.

Loftslagsmál

Landspítali undirritaði yfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum 16. nóvember 2015, ásamt fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum, í kjölfar samkomulags þjóða heims á Parísarráðstefnunni um loftslagsmál. Spítalinn leggur þannig sitt af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Sjúkrarúm



Vel gengur að skipta út gömlum sjúkrarúmum fyrir ný. Legudagar sjúklinga eru um 220 þúsund árlega og endurnýjun sjúkrarúma hefur jákvæð áhrif á þúsundir sjúklinga. Ný sjúkrarúm eru með flóknum búnaði til að mæta kröfum um öryggi sjúklinga og aðstöðu starfsfólks. Góðar dýnur stuðla að betri liðan sjúklinga og draga úr hættu á sáramyndun. Arion banki gaf 150 milljónir króna til kaupa á 400 sjúkrarúmum og dýnum.

Vísindaheiðranir

Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir og prófessor í öldrunarlækningum, var á vísindadögum spítalans útnefndur heiðursvísindamaður Landspítala árið 2015. Hann hefur um árabíl stundað öldrunarlækningar og vísinda-, kennslu- og stjórnunarstörf. Ramona Lieder náttúrufræðingur var útnefnd ungur vísindamaður Landspítala 2015. Sérsvið hennar tengist stofnfrumrannsóknnum.

Hjólreiðaviðurkenning



Eva Ólafsdóttir, félagsráðgjafi á barna- og unglíngageðdeild Landspítala (BUGL), fékk samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir verkefni sem tengdist hjólreiðum og stuðlar að aukinni hreyfingu sem liður í meðferð unglíngahóps.

Umhverfiskuðungur

Landspítali fékk Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, fyrir framúrskarandi starf að umhverfismálum þar sem tiltekið var metnaðarfullt og markvisst umhverfisstarf undanfarin ár. Dórnafnd mat það svo að Landspítali væri fyrirmynd í öflugum umhverfisstarfi. Sá mikli árangur sem náðst hefði væri öðrum stofnunum og fyrirtækjum hvatning.

Svanurinn



Eldhús og matsalir Landspítala fengu Svansvottun sem staðfestir að þjónustan uppfyllir strangar umhverfis- og gæðakröfur. Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Um nokkurt skeið hefur verið unnið markvisst að því að gera starfseminu umhverfisvænni, meðal annars með aukinni flokkun, margnota matarboxum og meira úrvali lífræna matvara.



LYKILTÖLUR LANDSPÍTALA 2015

ÞJÓNUSTA	2015	2014	Hlutfallsleg breyting
Fjöldi einstaklinga sem leituðu til LSH ¹⁾	106.861	107.766	-0,8%
Fjöldi koma á allar bráðamóttökur	101.094	98.343	2,8%
Komur á göngudeildir	220.871	226.521	-2,5%
Komur á dagdeildir	78.867	83.639	-5,7%
Meðalfjöldi inniliggjandi sjúklinga	615	603	2,1%
Fjöldi lega, sérgreinar	25.239	26.227	-3,8%
Fjöldi legudaga, sérgreinar	224.551	219.981	2,1%
Meðallengd sjúkrahúslegu, legur styttri en 6 mánuðir ²⁾	7,9	7,5	4,7%
Skurðaðgerðir (án inndælinga lyfs í auga)	13.006	12.951	0,4%
Fæðingar	3.037	3.133	-3,1%
Rannsóknir á rannsóknarsviði	1.906.030	1.967.654	-3,1%
ÖRYGGISMENNING			
Skráð atvik sjúklinga	3.640	2.960	23,0%
Skráð atvik starfsmanna	952	984	-3,3%
MANNAUÐUR			
Meðalfjöldi stöðugilda starfsmanna ³⁾	3.739	3.752	-0,4%
Fjöldi starfsmanna í upphafi árs	5.019	4.875	3,0%
Starfsmannavelta	11,7%	10,4%	12,0%
Veikindahlutfall ⁴⁾	6,4%	6,4%	0%
FJÁRHAGUR	tölur á verðlagi ársins 2015 ⁵⁾		
Rekstrargjöld	52.281	49.386	5,9%
Launagjöld	38.645	37.204	3,9%

1) Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni. 2) Hér er fyrir bæði árin birtur raunmeðallegutími þeirra sjúklinga sem hafa útskrifast frá áramótum, talið frá innskriftardegi til útskriftardags, án útlaga (m.v. legulengdina 6 mán). Langlegusjúklingar hafa í gegnum tíðina haft nokkur áhrif til hækkunar á meðallegutíma á spítalanum. Þar sem meginþorri lega er styttri en 6 mánuðir er meðallegutími þess hóps birtur hér. 3) Greidd stöðugildi starfsmanna LSH, án barnsburðarleyfa, foreldraorlofs og launalausra leyfa. 4) Öll veikindi starfsmanna, með eða án launa. 5) Krónutölur eru í milljónum og án fjármagnsliða og stofnkostnaðar.

